

Efni: Umsókn Brúarskóla um undanþágu fyrir heimsóknir hunda í skólann

Brúarskóli Vesturhlíð 3, 105 Reykjavík sækir hér með um leyfi skv. 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti sem segir: „Óheimilt er að hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3“. Skv. 3. tl. sömu greinar „getur heilbrigðisnefnd heimilað að farið sé með gæludýr inn í stofnanir, svo sem skóla eða bókasöfn, í afmarkaðan tíma. Kveða skal á um slíkt í starfsleyfi eða gefa út einstakt leyfi fyrir stakar heimsóknir ef slíkar heimsóknir eru ekki með reglubundnu millibili. Í skilyrði slíks starfsleyfis eða leyfis skal m.a. kveða á um heilbrigði og hreinsun dýrsins, leyfi sem dýrið skal hafa, tíma sem dýrið dvelur á staðnum hverju sinni, hvar dýrið má vera í húsnæði stofnunarinnar og þrif á húsnæði. Fullnægjandi þrif skulu fara fram strax að loknum viðburði. Sé um að ræða hund eða kött skal upplýsa greinilega í fjórar vikur eftir að viðburði er lokið að hundur eða köttur hafi verið í húsnæðinu“.

(x) Sótt er um breytingu á starfsleyfi Brúarskóla þannig að kveðið verði á um í starfsleyfi að heimsókn hunda verði heimilar.

Fyrirkomulag verkefnis:

Hundar (2-3) koma í skólann á kennsludögum. Hundarnir dvelja í skólanum í allt að 7 klst. á dag

- Leið sem hundurinn fer inn og út og rými sem hann dvelur í:
 - Hundarnir dvelja í myndmenntastofu og einni kennslustofu – stofu 9.
 - Á kaffistofu starfsmanna og á gangi við inngang í skólann.
- Sérstakar ráðstafanir vegna þrifa:
 - Eigendur hundanna bera ábyrgð á þrifum þeirra og þrifa í lok dags bæli og ílat hundanna.
- Sérstakar ráðstafanir vegna öryggismála:
 - Eingöngu er um litla barnvæna hunda að ræða af tegundum sem eru þekktar fyrir að fara lítið sem ekkert úr hárum.
 - Hundarnir eru því ólíklegir til að kalla fram ofnæmisviðbrögð.
 - Komi til þess að einhver nemandi eða starfsmaður upplýsi um ofnæmi fyrir hundum er hundunum vísað úr skólanum.
- Af hverju hundar?
 - Hundarnir veita tilfinningalegan stuðning og geta einnig hjálpað til við líkamlega örvun.
 - Það hefur sýnt sig að nemendur sýna hundum mikla hlýju og geta rætt við þá, því þeir eru góðir hlustendur.

- Þegar hundar eru notaðir í meðferðum eru yfirleitt notaðir hundar sem eru gæludýr eigenda sinna og eru þeir þjálfaðir í að heimsækja stofnanir með eigendum sínum, til dæmis skóla, sjúkrahús og hjúkrunarheimili. Hundarnir veita tilfinningalegan stuðning og geta einnig hjálpað til við líkamlega örvun.
- Það er mikill hvati að fara í gönguferð með hund

Ábyrgðarmaður verkefnis/aðili sem getur gefið frekari upplýsingar:

Dags. 22. maí 2023

Undirskrift



Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. maí 2023
Tilvísun: 2023050186/25.1.1

Efni: Beiðni um undanþágu fyrir heimsóknir hunda í skólastofur í Brúarskóla sbr. 19. gr. rlg um hollustuhætti

Vísað er til erindis Brúarskóla 22. maí 2023, þar sem óskað er eftir undanþágu heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir heimsóknir hunda í skólastofur skólans sbr. 19. gr. reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 með síðari breytingum.

Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við að umbeðin undanþága verði veitt enda verði heimsóknirnar í samræmi við það sem kemur fram í umsókn og að uppfylltum neðangreindum skilyrðum. Í samræmi við ákvæði fyrrnefndrar reglugerðar hefur verið sótt um breytingu á starfsleyfi Brúarskóla.

Í 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti með síðari breytingum segir: „Óheimilt er að hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsrými eða á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3“. Skv. 3. tl. sömu greinar „getur heilbrigðisnefnd heimilað að farið sé með gæludýr inn í stofnanir, svo sem skóla eða bókasöfn, í afmarkaðan tíma. Kveða skal á um slíkt í starfsleyfi eða gefa út einstakt leyfi fyrir stakar heimsóknir ef slíkar heimsóknir eru ekki með reglubundnu millibili. Í skilyrði slíks starfsleyfis eða leyfis skal m.a. kveða á um heilbrigði og hreinsun dýrsins, leyfi sem dýrið skal hafa, tíma sem dýrið dvelur á staðnum hverju sinni, hvar dýrið má vera í húsnæði stofnunarinnar og þrif á húsnæði. Fullnægjandi þrif skulu fara fram strax að loknum viðburði. Sé um að ræða hund eða kött skal upplýsa greinilega í fjórar vikur eftir að viðburð námi er lokið að hundur eða köttur hafi verið í húsnæðinu“.

Heimilt er að hleypa þremur hundum inn í myndmenntastofu og skólastofu 9, Brúarskóla, Vesturhlíð 3, sbr. umsókn.

Mikilvægt er að tryggja að farið sé að þeim hollustuháttarkröfum sem gerðar eru vegna hugsanlegs smits, ofnæmis og ónæðis sem hundar geta valdið þegar farið er með þá inn á staði þar sem almenningur dvelur.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Hundarnir skulu vera geðgóðir, hreinir, heilbrigðir og ormahreinsaðir.
2. Hundarnir skulu hafa tilskilin leyfi samkvæmt þeim reglum sem settar eru í sveitarfélaginu þar sem þeir eiga heima.
3. Hundarnir skulu ekki dvelja lengur í húsnæðinu en heimsóknin stendur yfir eða 7 klst.
4. Merkja skal greinilega að hundur sé í húsnæðinu og skulu merkingar vera gestum sýnilegar áður en þeir fara inn í húsnæði Brúarskóla.



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

5. Tryggja skal að börn, forráðamenn og starfsfólk sem ekki geta umgengist hunda vegna ofnæmis, sýkingar, ónæmisbælingar eða hræðslu komast ekki í nálægð við hundana.
6. Hundarnir skulu vera með ól og í taumi á meðan þeir eru í húsnæðinu.
7. Hundarnir skulu ávallt vera með starfsmanni.
8. Hundarnir skulu vera á afmörkuðu svæði þar sem heimsóknin fer fram þ.e. myndmenntastofu og kennslustofu 9, og fara beinustu leið til og frá rýminu þar sem heimsóknin fer fram og ekki fara um önnur svæði skólans.
9. Þrifa skal svæðið sérstaklega að lokinni hverri heimsókn.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Snæfríður Halldórsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Afrit/Samrit sent:

Afrit/Samrit sent: